

Ed.

161. Nefndarálit

[100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta stefnir að hækkun á matsverði fasteigna til eignarskattsálagningar, og er matið 2.7-faldað. Ekki er óeðlilegt, að matið sé hækkað, en sjálfsgt virðist, að lágmarksupphæðir, sem skatturinn er miðaður við, séu hækkaðar að sama skapi. Þetta er þó ekki gert í frumvarpinu, og er lágmarksupphæðin, sem áður var ein milljón kr., hækkuð í tvær milljónir kr. í stað þess að hækka hana í 2.7 milljónir kr., eins og eðlilegast væri. Afleiðingin verður sú, að skattaálögur aukast verulega á nettóeign sem í dag hlýtur að teljast smáeign. Þetta er þeim mun ósanngjarnara, þar sem eignarskatturinn kemur til viðbótar fasteignaskatti til sveitarfélaga, sem er brúttóskattur og leggst því af fullum þunga á smáar fasteignir.

Undirritaðir nefndarmenn geta ekki fallist á þessa niðurstöðu af hækkun fasteignamatsins, og berum við því fram svofellda

BREYTINGATILLÖGU:

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Fjárhæðir í skattstiga í 1. tl. 26. gr. 1. nr. 68/1971, sbr. 12. gr. 1. nr. 7/1972, hækki þannig að af fyrstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0.6% og af þeirri skattgjaldseign, sem þar er fram yfir, greiðist 1%.

Alþingi, 11. des. 1975.

Ragnar Arnalds, Jón Áru. Héðinsson.
frsm.